



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
www.domsmalaraduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.: 8/2007

Efni: **Fréttatilkynning um viðbrögð Fangelsismálastofnunar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið óskaði eftir greinargerðum frá Fangelsismálastofnun og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu vegna þess, sem fram kom í þættinum Kompás á Stöð 2 sunnudaginn 21. janúar.

Greinargerðir embættanna fylgja tilkynningu þessari.

Síðan 1995 hefur verið í gildi samningur milli Fangelsismálastofnunar og áfangaheimilis Verndar í Reykjavík um vistun fanga utan fangelsis. Samningurinn miðar að því að auðvelda fanga aðlögun að samfélaginu eftir dvöl innan veggja fangelsis. Vistun fanga áfangaheimili Verndar er úrræði sem hefur gefist afar vel og hafa fangar í 90% tilvika staðið undir því trausti, sem fangelsismálayfirvöld hafa sýnt þeim með þessu vistunarúrræði.

Í fyrrnefndum sjónvarpsþætti brást fangi, með viðbragði við tálbeitu, því trausti, sem fangelsisyfirvöld sýndu honum með vistun á áfangaheimili Verndar.

Ráðuneytið hefur farið yfir málið með fangelsismálastjóra og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og telur, að gripið hafi verið til fullnægjandi aðgerða vegna þessa einstaka atviks af þeirra hálfu. Ráðuneytið telur mikils virði, að mótaðar hafa verið reglur um miðlun upplýsinga á milli þessara aðila, sem eiga að tryggja samræmdar aðgerðir til að halda aftur af síbrotamönnum og hindra eins og frekast er kostur, að þeir brjóti gegn því trausti, sem þeim er sýnt.

Vistun fanga á áfangaheimili Verndar er ómetanlegur kostur. Í máli þessu hefur stjórn Verndar brugðist fyrir að einurð og festu og treystir ráðuneytið því, að Vernd og Fangelsismálastofnun vinni áfram saman að velferð fanga.

Ráðuneytið hvetur til þess, að samstarf Fangelsismálastofnunar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við félagsþjónustur sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöld og aðra lykilaðila verði eflt til að beina síbrotamönnum af villu síns vegar og auka öryggi hins almenna borgara og ekki síst barna.

Reykjavík 24. janúar 2007

Greinargerð Fangelsismálastofnunar vegna umfjöllunar um mál Ágústar Magnússonar fanga sem vistaðist á áfangaheimili Verndar

Greinargerð þessi er tekin saman að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og lýsir sjónarmiðum Fangelsismálastofnunar varðandi þá ákvörðun að vista umræddan fanga á áfangaheimili Verndar og viðbrögð við umfjöllun þáttarins Kompáss um hann.

Fanginn hóf afplánun 5 ára fangelsisrefsingar á fangelsi á Litla Hrauni í apríl 2004. Hann hafði þá sætt gæsluvarðhaldi síðan 5. febrúar 2004. Helmingur refsitímans var liðinn þann 23. júlí 2006, 2/3 hlutar refsitímans eru liðnir 19. maí 2007 en afplánun lýkur 8. janúar 2009. Umræddur fangi hefur frá upphafi afplánunar hlotið umfangsmikla sálfræðimeðferð hjá báðum sálfræðingum Fangelsismálastofnunar á tímabilinu febrúar 2004 til janúar 2007.

Vistun umrædds fanga á áfangaheimilinu Vernd 22. október sl. byggðist á 24. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga og á samkomulagi milli Verndar og Fangelsismálastofnunar frá 5. janúar 2006. Þar koma fram skilyrði fyrir vistuninni sem eru m. a. að fanginn hafi verið án agabrots í refsivistinni síðustu 6 mánuðina, hegðun hans hafi að öðru leyti verið til fyrirmyndar og að hann teljist hæfur til dvalar á áfangaheimilinu. Fangi skal m.a. stunda vinnu eða nám samviskusamlega og undirgangast þvag- og eða öndunarprufur þegar óskað er eftir. Fanga er heimilt að yfirgefa áfangaheimilið á tilteknum tímum en með því er fylgst af starfsmönnum heimilisins. Jafnframt eru vinnustaðir heimsóttir reglulega bæði af fangavörðum og starfsmanni Verndar. Rjúfi fangi skilyrði getur það leitt til þess að hann verði fyrirvaralaust vistaður í fangelsi á ný.

Umræddur fangi átti kost á að sækja um reynslulausn þegar hann hafði afplánað 2/3 hluta 5 ára dóms eða 19. maí 2007. Á afplánunartímanum á Litla-Hrauni hafði fanginn verið í samtals 52 sálfræðiviðtölum auk þess hafði hann, svo sem fram kemur í dómi hans, verið í 21 viðtali áður en dómur féll. Það var mat stofnunarinnar miðað við framvindu meðferðarinnar að eðlilegt væri að hann vistaðist á áfangaheimili Verndar umrætt sinn. Hann hafði verið samvinnuþýður í meðferðinni og virtist hafa skilning á orsökum og afleiðingu kynferðislegrar hegðunar sinnar.

Um leið og upp komst að viðkomandi fangi hafði brugðist því trausti sem honum var sýnt með vistun á áfangaheimilinu var hann fluttur á Litla-Hraun.

Áfangaheimili Verndar er afar þýðingarmikill þáttur í að búa fanga undir að snúa aftur út í þjóðfélagið og lifa lífinu án afbrota. Bein tengsl eru á milli þess hvernig til tekst og öryggis hins almenna borgara. Mikilvægt er að fangar sem eru lengi í afplánun snúi aftur til þjóðfélagsins stig af stigi í stað þess að afplána refsingu sína að fullu innan veggja fangelsisins. Með því er unnt að setja þeim tiltekin skilyrði til aðhalds og stuðnings og grípa til viðeigandi úrræða ef þeir reynast ekki traustsins verðir. Frá 1995 hafa 633 dómþolar verið vistaðir á Vernd en 85 eða 13% þeirra verið sendir til baka vegna rofs á skilyrðum eða að eigin ósk. Í langflestum tilvikum hefur verið um að ræða brot á vímuefnaskilyrðum.

Fangelsismálastofnun harmar að svona atvik hafi gerst. Í kjölfarið verður hugað enn betur en hingað til að vistun fanga á Vernd út frá persónulegu mati á þeim. Þá verður farið yfir með lögregluþvöldum hvað gera megi til að tryggja eðlilegt eftirlit og aðgang að upplýsingum til að hindra eftir mætti að slíkt gerist.

Reykjavík 23. janúar 2007.
Valtýr Sigurðsson forstjóri

Greinargerð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna umfjöllunar þáttarins Kompáss um kynferðisbrot gegn börnum

Greinargerð þessi er tekin saman að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og lýsir þeim upplýsingum sem lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH) bárust um háttsemi dæmde kynferðisbrotamanns sem var í afplánun á áfangaheimili Verndar í Reykjavík og ráðstöfunum/aðgerðum embættisins af því tilefni.

Síðdegis föstudaginn 12. janúar 2007 komu á fund Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns rannsóknardeildar LRH, þáttargerðarmenn frá fréttabættinum Kompás á Stöð tvö. Tilefnið að þeirra sögn var að ræða við hann um heimildir lögreglu til aðgerða og eftirlits með dæmdum kynferðisbrotamönnum, en fram kom að þeir unnu að þætti þar sem notast var við tálbeitur til að hafa upp á einstaklingum sem áhuga hefðu á kynferðislegu samneyti við börn.

Meðan á viðtalinu stóð sýndu þeir yfirlögregluþjóninum upptöku af einstaklingi sem þeir nafngreindu og sögðu að væri í afplánun á áfangaheimili Verndar, en upptakan sýndi umræddan einstakling fara inn í íbúð. Jafnframt sýndu þeir gögn sem sýna áttu tölvusamskipti umrædds einstaklings við tálbeitu á þeirra vegum. Þá þegar var óskað eftir því að lögreglan fengi í hendur nánari upplýsingar og gögn, þannig að unnt væri að taka mál hans til nánari skoðunar og meðferðar. Þáttargerðarmennirnir neituðu að afhenda þau gögn. Fram kom að þeir hefðu rætt við manninn tveimur sólarhringum áður, í kjölfar þess að hann fór inn í umrædda íbúð.

Þegar að loknu viðtalinu hafði LRH samband við Fangelsismálastofnun ríkisins (FMS) og greindi frá því sem fram hefði komið í samtali yfirlögregluþjóns og þáttargerðarmannanna, og var það í fyrsta sinn sem stofnunin fékk upplýsingar um framangreinda háttsemi mannsins. FMS óskaði þegar eftir því að LRH tæki til skoðunar tölvu umrædds einstaklings sem hann var með á áfangaheimilinu og var strax orðið við þeirri ósk. Um var að ræða tvær tölvur ásamt viðtengdum hörðum diskum, alls átján talsins, og rúmuðu þeir gríðarlega mikið magn af efni á tölvutæku formi. Nokkra daga tók að fara gróflega yfir allt það efni en þegar á þriðjudeginum 16. janúar 2007 voru FMS sendar upplýsingar um að barnaklám hefði fundist í tölvu mannsins. Daginn eftir, miðvikudaginn 17. janúar 2007, var maðurinn fluttur til afplánunar á Litla-Hrauni, samkvæmt upplýsingum frá FMS. Athugun á því efni sem fannst í tölvum mannsins var haldið áfram, en fyrirsjáanlegt er vegna umfangsins að það taki langan tíma að fara nákvæmlega í gegnum það.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk nánari upplýsingar um háttsemi mannsins á sama tíma og almenningur, þ.e. þegar þátturinn var sýndur á Stöð tvö sunnudagskvöldið 21. janúar 2007. Þegar daginn eftir var nánar farið yfir málið og að höfðu samráði við ríkissaksóknara var ákveðið að taka það í heild sinni til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeild LRH, m.a. til að kanna ítarlega hvort sú háttsemi mannsins sem rekja má til frumkvæðis tálbeitu á vegum þáttarins Kompáss geti orðið grundvöllur refsímáls. Einnig hófst þá rannsókn á meintum brotum mannsins gagnvart fleiri einstaklingum, sem hann viðurkenndi í viðtali sem birt var í þættinum.

Samkvæmt upplýsingum frá þáttargerðarmönnum eru þeir með undir höndum upptökur af fjórum til fimm öðrum einstaklingum sem svöruðu auglýsingu tálbeitu þáttarins með sama hætti og framangreindur einstaklingur. LRH telur að almannahagsmunir krefjist þess að þessar upplýsingar verði skoðaðar nánar af lögreglu og hefur LRH þegar óskað eftir því að fá upplýsingar um þessa einstaklinga í hendur til nánari skoðunar. Þáttargerðarmennirnir hafa neitað að afhenda þessar upplýsingar að svo stöddu og óskað eftir skriflegri beiðni frá LRH af þessu tilefni. Verður hún send

Stöð tvö síðar í dag og atbeina dómstóla leitað ef ekki verður orðið við kröfum lögreglu um afhendingu þessara upplýsinga.

Þessu til viðbótar skal upplýst að LRH og FMS ákváðu fyrr í þessum mánuði að efla og styrkja samstarf sitt og samvinnu vegna síbrotamanna á öllum sviðum, með það að markmiði að taka af meiri festu á málum þessa hóps, hraða meðferð mála þeirra í kerfinu og leita úrræða í samvinnu við félagsmálayfirvöld til að aðstoða þá við að snúa við blaðinu. Nánar verður greint frá þessu samstarfsverkefni og skipulagi þess síðar.

Reykjavík, 23. janúar 2007.
Stefán Eiríksson, lögreglustjóri.